

# Aðalfundur NAUST 24. janúar 2018

Haldinn í húsi Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, Egilsstöðum, og á Netinu

## Fundargerð

Mætt á Netinu:

Sævar Þór Akureyri, Bryndís Skúladóttir Seyðisfirði, Danielle á Útnyrðingsstöðum

Mætt við fundarborð:

Þorvaldur Hjarðar, Philip Vogler, Guðrún Schmidt, Skarðhéðinn G. Þórisson, Halldór Walter, Þórveig Jóhannsdóttir

### **1. Fundur settur**

Guðrún formaður setti fundinn og skilaði kveðju frá Hjörleifi Guttormssyni. Tillaga hennar um Þorvald sem fundarstjóra var samþykkt og Philip var samþykktur sem ritari fundarins.

### **2. Fundargerð síðasta aðalfundar**

Fundargerðin var lögð fram og engin athugasemd gerð. Telst fundargerð síðasta aðalfundar því samþykkt.

### **3. Starfsemi 2017**

Guðrún fór yfir störf síðasta árs. Stjórnin hefði byrjað brött og allir stjórnarmenn tóku að sér verkefni. Síðan hefði dóttir Guðrúnar veikst til lengdar og Guðrún þess vegna að einhverju leyti dottið út úr starfinu þannig að hún vill líka hætta í stjórn.

Stjórnin fundaði þrisvar. Í febrúar mætti Sævar á fund sem umhverfisráðherra bauð til og Hjörleifur í apríl fyrir hönd félagsins á fund á vegum Umhverfisstofnunar.

Sævar var einnig skipaður varamaður Þórhalls Þorsteinssonar fyrir hönd frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála hjá svæðisráði austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og Sævar hefur verið fulltrúi félagsins í verkefnaráði hjá Landsneti í sambandi við Kröflulínu 3.

Stjórnin sendi nokkrar ályktanir, álit og hvatningarbréf frá sér á tímabilinu. Snjaldurskinna var nýtt til að miðla upplýsingum og nú er vinna hafin við að uppfæra vefsvæði félagsins. Félagsgjöld greiddu 63.

Eypór Hannesson fékk formlega viðurkenningu félagsins á degi Umhverfisins fyrir að safna rusli meðfram vegum í áratug. Guðrún, Erla og Sævar mættu á fund um sjálfbærni Kárahnjúkavirkjunar og settu spurningarmerki við notkun hugtaksins í því sambandi.

Átakið vegna ónýttra girðinga var aðallega 2016 en sveitarfélögin voru minnt á það með tveim bréfum 2017, því fyrra til að biðja um mat á atakið þangað til og því síðara til að hvetja til framhalds. Sveinn Sturluson sem Þórveig og seinna Þorvaldur töluðu við virtist í síðara skiptið hafa einhvern skilning á að fjarlægja ónýtar girðingar frá hestaferðum.

Önnur sláandi dæmi um vondar og a.m.k. núna óþarfar girðingar voru nefnd og hvernig vandamálið eykst þegar sí fleiri kaflar hverfa undir gróður. M.a. hafði Philip fyrr um daginn horft á slæm dæmi um slíkt á Völlum við veginn inn í Fljótsdal. Fundarstjórinn spurði hann hvort hann hefði í fundargerð áréttað sérstaklega girðingarmálið fyrir nýju stjórnina en hann hafði skrifað: „Ný stjórn skal girða sig í brók í þessu máli.“ Sú málsgrein fékk góðar undirtektir en fundarstjórinn skipaði honum að færa þessa áréttingu í fundargerð sem vísu. Stakan varð þó fyrst til yfir kaffi í lok fundarins og lesin upp þar (athugið að í 1. vísuorði mætti hvort sem er skrifa velli eða Velli):

Fann ég víða um velli brest,

víraflækjum eftir tók.

Gapar vítt, í gegnum sést,

girða þarf í brók.

#### 4. Ársreikningur

Sævar kynnti reikninga í fjarveru Erlu Dóru gjaldkera og sýndi þá einnig á skjánum handa öllum þátttakendum. Í tekjur komu félagsgjöld og bankavextir en enginn styrkur barst enda var rekstrarkostnaðurinn ekki nægur til að hægt væri að klára styrk og mótframlag sem skylt var að leggja til með honum frá árinu áður.

Alls urðu tekjur kr. 175.159 en sundurliðuðu gjöldin 381.813.

Heildarútkoman var því kr. 206.654 í mínus. Sigurjón Bjarnason er endurskoðandi félagsins og ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

#### 5. Ályktanir

Hjörleifur hafði sent inn fimm tillögur og Sævar lagði fram og rökstuddi sjötta tillögu. Aftur sýndi Sævar þessar sex tillögur á skjánum fyrir alla þátttakendur. Hér birtast þær allar í viðauka eftir fundargerðina með þeim breytingum sem urðu gerðar í umræðum.

Skarphéðinn bað nýju stjórnina um að fara vel yfir ályktanir síðustu ára og meta hvernig þeim var sinnt. Hann fékk góðar undirtektir og nýrri stjórn var falið að fara í þá matsvinnu en jafnframt að sinna nýju ályktununum.

## 6. Breytingar á lögum NAUST

Engar tillögur höfðu borist.

## 7. Inntaka nýrra félaga

Danielle Gscheidel kom inn sem nýr félagi og það náðist að rukka 63 um félagsgjöld á árinu. Starfssvæðinu var lýst sem hér segir: báðar Múlasýslur í heild og Skaftasýslur að Lómanúpi.

## 8. Kosning stjórnar

Guðrún tilnefndi í stjórn. Allir fyrri stjórnarmenn yrðu áfram nema hún sjálf og Rebekka Karlsdóttir kæmi í stað hennar. Tilnefningarnar voru samþykktar samhljóða þannig að nýja stjórn skipa:

Bryndís Skúladóttir, Erla Dóra Vogler, Rebekka Karlsdóttir, Sævar Þór Halldórsson, Þórveig Jóhannsdóttir

Varamenn: Halldór Walter, Skarphéðinn G. Þórisson

Fundarstjóri bað stjórnarmennina um að funda um leið og aðalfundi yrði slitið og skipta með sér verkum.

## 9. Önnur mál

Sævar sagði að nýr umhverfisráðherra hefði boðað til fundar fulltrúa frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála þann 6. febrúar. Taldi Sævar að NAUST ætti að sýna sig þar með einum eða tveim fulltrúum. Philip benti á nýsamþykka ályktun um fjarfundi og að þrýsta ætti á um þann kost. Vonir stóðu til að lokum að einn eða tveir sýndu lit á fundinum í eigin persónu en einnig yrði athugað hvort formleg og áhugaverð erindi stæðu til og ef svo væri að þau yrðu í boði á Netinu.

Að einhverju leyti í sambandi við 2. ályktun í viðaukanum vakti Skarphéðinn máls á mjög gróflegt kort um dreifingu seiru til uppgræðslu á

Úthéraði. Kortið sýndi ekki nánari afmörkun á rauða litnum sem táknaði seiruuppgræðslusvæðin.

Sævar spurði hvort einhver hjá NAUST hefði sterkan áhuga á að taka þátt í nefnd sem myndi tilnefna aðila til að öðlast viðurkenningu á Degi umhverfisins. Ef einhver hefur brennandi áhuga á sá hinn sami að láta stjórnina vita.

## **10. Fundarslit**

Þorvaldur minnti nýja stjórn á að hittast strax og skipta með sér verkum en bauð öðrum viðstöddum strax og viðstöddum stjórnarmönnum síðar að fara niður í kaffistofu og þiggja vöfflur og kaffi í boði ferðafélagsins.

Guðrún þakkaði ferðafélaginu fyrir bæði húsnæðið og vöffluboð og fráfarandi stjórn fyrir samstarf en síðan sleit fundinum.

### **Viðauki, samþykktar ályktanir:**

#### **1. Um aukin fjárframlög til landvörslu**

Aðalfundur NAUST 2018 gagnrýnir minnkandi raunframlög ríkisins til landvörslu og náttúruverndar á undanförunum árum og samkvæmt fjárlögum ársins 2018. Þetta gerist á sama tíma og álag á náttúru landsins, þjóðgarða og önnur friðlýst svæði hefur margfaldast vegna aukins straums ferðamanna. Fundurinn skorar á stjórnvöld að snúa þessari þróun við og auka þegar á þessu ári fjárframlög til verndar náttúru landsins.

#### **2. Um verndarskipulag á Úthéraði**

Aðalfundur NAUST 2018 fagnar framkomnum hugmyndum um fræðasetur Jóns lærða á Hjaltastað til eflingar náttúruvernd, ferðaþjónustu og rannsóknum á Úthéraði. Hvetur fundurinn til samvinnu Héraðs við nágrannabyggðir, Borgarfjörð og Vopnafjörð um þessi efni.

#### **3. Um friðlýsingu Gerpissvæðisins**

Aðalfundur NAUST 2018 minnir á að liðin eru 20 ár frá því þáverandi sveitarstjórnir Neskaupstaðar og Eskifjarðar samþykktu tillögu NAUST að stefnt skyldi að friðlýsingu Gerpissvæðisins og sendu tillögu þar að lútandi til stjórnvalda. Málið var tekið upp í Náttúruverndaráætlun 2009-2013, en eftirfylgni var lítil sem engin. Fundurinn skorar á Umhverfisstofnun og

Fjarðabyggð að gera nú gangskör að því að koma friðlýsingu svæðisins í höfn í samvinnu við hlutaðeigandi.

#### **4. Um eflingu náttúrustofa**

Aðalfundur NAUST 2018 bendir á þann mikla ávinning sem fengist hefur af starfi náttúrustofa á landsbyggðinni, þar á meðal Náttúrustofu Austurlands og Náttúrustofu Suðausturlands. Starfsemi þessara stofa er í hættu ef ekki fylgir nóg framlag til að náttúrustofurnar geti sinnt sínu hlutverki. Hvetur fundurinn ríki og sveitarfélög til aukins fjárhagsstuðnings við starf þeirra.

#### **5. Um gestastofu á Hallormsstað**

Aðalfundur NAUST 2018 tekur undir framkomnar tillögur Skógræktarinnar um gestastofu í Þjóðskóginum á Hallormsstað. Með henni fengist vettvangur til virkrar kynningar fyrir ferðamenn og skólafólk á sögu og þróun skógræktar á Hallormsstað og Héraði sl. 100 ár.

#### **6. Um eflingu fjarfunda**

Aðalfundur NAUST 2018 hvetur Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, stofnanir og samtök til þess að bjóða upp á fjarfundarmöguleika á öllum sínum fundum þar sem fulltrúar og hagsmunaaðilar koma saman. Með þessu er möguleiki þeirra aðila og félagasamtaka, sem ekki eiga heimangengt á fundarstað, aukinn til að taka lýðræðislega þátt í þeim lögformlegu fundum og öðrum ferlum sem fundarhaldari heldur utan um.